

Sp.

## 152. Tillaga til þingsályktunar

[124. mál]

um, að Síldarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík.

Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela stjórn S. R. að hefja nú þegar undirbúning að því að reisa verksmiðju í Grindavík, er geti brætt um 2500 tonn af loðnu á sólarhring og verði tilbúin til vinnslu í ársbyrjun 1975.

### Greinargerð.

Hér við land hófust loðnuveiðar fyrst að nokkru ráði árið 1965, og öfluðust þá um 50 þús. tonn. Árið eftir verður mikil aukning, og veiðast þá um 125 þús. tonn. En næstu tvö árin er aflinn heldur minni eða rétt innan við 100 þús. tonn. Síðan verður mikil breyting og aflast frá 170—190 þús. tonn á árunum 1969—71. Fleiri skip taka þátt í veiðunum en áður og aukin þekking og auknar rannsóknir á göngum loðnunnar stuðla að þessari þróun. Geysileg aukning varð svo í aflanum árið 1972, en þá veiddust 277 þús. tonn, og á s. l. vertíð veiddust 440 þús. tonn. Þá tóku um 90 skip þátt í veiðunum, og þótti mörgum það mikil þátttaka. En nú er fyrirsjáanlegt, að allt að því 120 skip munu taka þátt í veiðunum. Þessi aukning skipa í loðnuveiðum mun kalla á betra skipulag og aukna móttöku við löndun en áður hefur verið. Á s. l. vertíð var stofnað til Loðnuflutningasjóðs, sem þegar sannaði gildi sitt, og mun ákveðið, að hann starfi áfram. Hins vegar er það ljóst, að aukning í veiðiflota um 30 skip er svo mikil, að mæta verður afkastagetu flotans með því að reisa nýjar verksmiðjur sem allra fyrst. Vitað er einnig, að margir hafa hug á því að kaupa enn ný og stór veiðiskip, og fari svo, að þau verði keypt, er afkastageta þeirra svo mikil, að þau mundu ein sér gera meira en að afla fyrir verksmiðju með 2500 tonna sólarhrings vinnslu. Það er því augljóst mál, að brýna nauðsyn ber til að hefja nú þegar undirbúning að nýrri stórra verksmiðju á vegum Síldarverksmiðja ríkisins. S. R. eiga frá fyrri tíma mikið af tækjum, sem ekki eru nýtt, og hlýtur að teljast tímabært að taka þessi tæki í notkun, þegar verkefni eru fyrir hendi, og það sem fyrst.

Í málefnsamningi ríkisstjórnarinnar segir svo á bls. 5, í kaflanum um atvinnulíf: „Að gera sérstakt átak til að endurbæta frystihúsareksturinn og taka löggjöf og rekstur Síldarverksmiðja ríkisins til endurskoðunar.“

Með hliðsjón af þessu og svo augljósri þörf til að bjarga auknum afla er þessu máli hreyft hér á þingi. Þessu til viðbótar kemur svo, að nú innan tíðar verður höfnin í Grindavík gjörbreytt og getur tekið við öllum skipum. Heildarfjármagn í þessar framkvæmdir verður nokkuð yfir 600 milljónir, og er augljóst, að höfnin mun þurfa á öllum möguleikum til tekjuöflunar að halda.

Þótt Loðnuflutningasjóður starfi með ágætum, má ekki gleyma því, að það kostar tugi milljóna í olliueyðslu að sigla með loðnu norður fyrir land, og hækkandi verð á oliunni veldur mönnum áhyggjum. Þótt ný verksmiðja verði reist í Grindavík mun hún samt sem áður ekki gera meira en að mæta hluta af þeirri aukningu, sem vænta má. Það er skoðun flutningsmanns, að ekki verði langt í það, að S. R. verði einnig að reisa aðra verksmiðju og staðsetja hana í Þorlákshöfn, þegar höfnin þar er orðin betri en nú er.

Rekstur ríkisverksmiðjanna hefur gengið erfiðlega undanfarin ár, og mundi verksmiðja í Grindavík bæta hér verulega úr. Geysilegur hagnaður varð hjá öllum verksmiðjum á s. l. loðnuvertíð, og hlýtur að vera eðlilegt, að Síldarverksmiðjur ríkisins endurbæti rekstur sinn svo sem einkaaðilar gera nú hver sem betur getur. Eftir því, sem bráðabirgðauppgjör hjá S. R. sýnir, varð um 50 millj. kr. nettó-hagnaður hjá þeim á loðnuvertíðinni. Þessu fjármagni þarf að verja til endurbóta og betri greiðslustöðu S. R. En áfram þarf að halda og byggja einnig upp fyrir framtíðina, og vegna loðnuveiðanna hniga öll rök að því, að stór og nýtiskuleg verksmiðja verði reist í Grindavík. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt.